

Mál nr. 20/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Launþegatryggingar og frjálsrar ábyrgðartrygginar S

**Kona meiddist þegar hún fékk kúst í höfuðið þegar hún stjórnaði unglingavinnu þ.
21.6.2010.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.10.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 4.2.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

M varð fyrir höfuðmeiðslum þegar hún fékk kúst í höfuð. M krefst bóta vegna þessa atviks og byggir á vinnuveitendaábyrgð S þar sem starfsmaðurinn sem rak kústinn í höfuð M var starfsmaðurinn rak kústinn í höfuð M. Þá vísar M til 3.gr. reglugerðar 497/1994 um notkun persónuhlífa. M vísar einnig til þess að um vinnuslys hafi verið að ræða og vísar til reglna og lagaraka hvað það varðar. Þá hafnar M því að tjón hennar hafi verið tilkynnt of seint sbr. 1. mgr. 124.gr laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. M hafnar bótaskyldu og telur skilyrði bótaábyrgðar ekki uppfyllta varðandi frjálsa ábyrgðartryggingu S og atvikið hafi verið tilkynnt of seint sbr. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga í slysatryggingu launþega. V segir að af fyrirliggjandi gögnum verði ekki ráðið að atvikið verði rakið til þess að starfsmaðurinn sem rak kústinn í höfuð M hafi ekki sýnt af sér þá varkárni sem ætlast mátti til af honum eða vikið frá því sem telja má viðurkennda háttsemi við framkvæmd verksins. Þá bendir V á að miðað við það verk sem M var að vinna í umrætt sinn hafi ekki verið þörf á persónuhlífum. V bendir á að ekki sé deilt um málsatvik í málinu. Varðandi slysatrygginguna telur V að M hafi sannanlega mátt vera ljósar varanlegar afleiðingar atviksins þ. 25.5.2011 þegar þriðja beiðni um sjúkraþjálfun barst Sjúkratryggingum Íslands, en atvikið var tilkynnt V þ.5.10.2012 og því liðinn sá frestur sem mælt er fyrir um í 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga.

Álit.

Fallist er á það með V að M hafi mátt vera ljósar varanlegar afleiðingar þess atviks sem hér ræðir um þ. 25.5.2011. Þar sem atvikið var ekki tilkynnt til V fyrr en þ.5.10.2012 var liðinn sá frestur sem kveðið er á um í 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega. Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess eða sýnir fram á annað en að umrætt atvik hafi verið óhappatilvik. Af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá S eða frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 19.2.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.